

Þriðjudaginn 1. mars 1988.

Nr. 31/1988. **Ágústa Sigurðardóttir**

gegn

Gunnari Erni Jakobssyni

Kærumál. Skiptamál. Óvígð sambúð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Guðrún Erlendsdóttir.

Sóknaraðili kærði 14. janúar sl. til Hæstaréttar úrskurð, sem kveðinn var upp í skiptarétti Reykjavíkur 29. desember 1987, en lögmaður hennar fékk vitneskju um úrskurðinn 4. janúar. Kæran barst Hæstarétti 25. janúar. Sóknaraðili krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og lagt fyrir skiptarétt „að taka málið til efnislegrar meðferðar“.

Af hálfu varnaraðila er þess krafist „að kröfum sóknaraðila verði alfarið hafnað og máli þessu verði vísað frá Hæstarétti, til vara, að hinn kærði úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur verði staðfestur, til þrautavara, að kröfum sóknaraðila verði alfarið hafnað og varnaraðili sýknaður af þeim að öllu leyti, og til þrautavara, að kröfum sóknaraðila verði að mestu leyti hafnað og þær einvörðungu teknar til greina að óverulegu leyti og stórlega lækkaðar“. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

I.

Sóknaraðili vísar um kæruheimild til 21. gr. 1. mgr. 2. tl. í lögum nr. 75/1973. Fyrir liggja skiptaréttarúrskurður, en slíkir úrskurðir sæti almennt kæru. Undantekningarnar, sem taldar eru upp í lagaákvæðinu, eigi hér ekki við.

Af hálfu varnaraðila er aðalkrafa hans um frávisun frá Hæstarétti rökstudd með því, að 21. gr. 1. mgr. 2. tl. laga nr. 75/1973 eigi ekki við.

Fallast ber á þau rök sem af hálfu sóknaraðila hafa komið fram um kæruheimild að því er varðar frávisun aðalkröfu sóknaraðila fyrir skiptarétti. Í úrskurðinum er varakröfu sóknaraðila einnig hafnað. Hún er í fyrsta lagi um það, hvort tilteknar eignir skuli

draga undir skiptin. Úrskurður um þetta sætir ekki kæru, sbr. 21. gr. 1. mgr. 2. tl. c í lögum nr. 75/1973. Þess er þó að gæta, að í sömu varakröfu er þess einnig krafist, að í hlut sóknaraðila komi helmingur af verðmæti eignanna. Í skiptaréttarúrskurðinum er fjallað bæði um aðalkröfu og varakröfu sóknaraðila sem fjárkröfur og afstaða tekin til þeirra í einu lagi og án þess að sérstaklega sé skorið úr því, hvort eignir þær, sem um er að ræða, skuli draga undir skiptin. Kröfugerð sóknaraðila fyrir skiptarétti var þannig, að skiptaráðanda var rétt að líta svo á, að varakrafan væri um fégreiðslu. Var kærán því einnig heimil að því er varakröfuna varðar.

II.

Í kafla II í hinum kærða úrskurði er rakinn aðdragandi afskipta skiptaréttar af eignum aðila og í kafla III ágreiningur þeirra, sem um er fjallað í úrskurðinum. Þess er að geta, að hvorki í úrskurði þeim, sem gekk 29. desember 1987 um lausafjármuni eða í öðrum gögnum sem fyrir Hæstarétt hafa verið lögð, kemur fram berum orðum að skiptameðferð þeirri sem hófst 10. febrúar 1987 sé lokið.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram hér fyrir dómi, að hinn kærði úrskurður feli í sér frávisun frá skiptarétti. Skiptum á búi aðila sé þó ekki lokið. Miða beri skipti við eignir í október 1984, en óumdeilt sé, að þá hafi bifreiðarnar R 7199³ og R 71999 verið í búi aðila.

Af hálfu varnaraðila er vísað til röksemda í hinum kærða úrskurði, en því einnig haldið fram, að „reglur laga nr. 13/1986 hafi ekki afturvirk áhrif eða geti náð til réttarverkana varðandi það mál, sem hér er til úrlausnar, og sé því niðurstaða tilvitnaðs úrskurðar frá 12. mars 1986 endanlegur úrskurður...“.

Kröfur sóknaraðila fyrir skiptarétti voru um fégreiðslur. Fyrir liggur að við skiptameðferðina hefur fram til þessa ekkert fémætt komið fram, sem notað verður til að greiða kröfurnar, ef þær verða taldar réttmætar. Ber af þeirri ástæðu eins og á stendur að fallast á það með skiptarétti að kröfunum skuli hafna, en ekki verður í þessum dómi tekin afstaða til þess, hvaða eignir skuli draga undir skiptin, eða afstaða til krafna, sem fram kunna að koma, ef fémæti koma síðar til skipta.

Málskostnaðarákvæði hins kærða úrskurðar er staðfest.

Rétt er að kærnumálskostnaður falli niður.

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.
Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 29. desember 1987.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 17. desember 1987.

Sóknaraðili, Ágústa Sigurðardóttir, nafn nr. 0168-3101, Goðheimum 4, Reykjavík, gerir eftirfarandi dómkröfur:

Aðallega að varnaraðili greiði kr. 1.525.000,00 með ársvöxtum sem hér greinir: 27,5% frá 01.11.'84 til 01.01.'85, 34% frá 01.01.'85 til 21.01.'85, 37% frá 21.01.'85 til 11.05.'85, 35% frá 11.05.'85 til 21.08.'85, 36% frá 21.08.'85 til 01.12.'85, 39% frá 01.12.'85 til 01.03.'86, 19% frá 01.03.'86 til 11.03.'86, 20% frá 11.03.'86 til 01.04.'86, 15,5% frá 01.04.'85 til 11.10.'86, 15,75% frá 11.10.'86 til 01.11.'86, 16% frá 01.11.'86 til 11.11.'86, 16,25% frá 11.11.'86 til 11.12.'86, 17,75% frá 11.12.'86 til 31.12.'86, 18,25% frá 01.01.'87 til 01.02.'87, 19,75% frá 01.02.'87 til 11.02.'87, 20% frá 11.02.'87 til 21.02.'87, 20,5% frá 21.02.'87 til 11.03.'87 og 22% frá þeim degi til greiðsludags. Einnig krefst sóknaraðili þess að í úrskurðarorði verði kveðið svo á að áfallnir vextir bætist við höfuðstól á 12 mánaða fresti í fyrsta sinn 1. febrúar 1986. Einnig krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðilja samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Til vara krefst sóknaraðili þess, að viðurkennt verði að fasteignin nr. 7 við Reynihlíð, Reykjavík, bifreiðin R-7199 af gerðinni Mercedes Benz 307D árgerð 1982 og bifreiðin R-71999 af gerðinni Toyota Carina árgerð 1982 hafi tilheyrt búi varnar- og sóknaraðilja við sambúðarslit í október 1984 og komi til skipta við opinber skipti á búi þeirra vegna sambúðarslita með þeim hætti, að í hlut sóknaraðilja komi helmingur af verðmæti þessara eigna. Hér krefst sóknaraðili einnig „þeirra vaxta og vaxtavaxta sem í aðalkröfu greinir“ og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Varnaraðili, Gunnar Örn Jakobsson, nafn nr. 3365-3778, Einholti 4, Reykjavík, gerir þær dómkröfur aðallega að kröfum sóknaraðilja verði algerlega hafnað og sóknaraðilja gert að greiða varnaraðilja málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati réttarins. Til vara gerir hann þær kröfur, að kröfur sóknaraðilja verði einvörðungu teknar til greina að óverulegu leyti og stórlega lækkaðar og að sóknaraðilja verði gert að greiða varnaraðilja málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati réttarins.

Sáttaumleitaniir dómarans hafa engan árangur borið.

II.

Aðiljar máls þessa hófu sambúð á árinu 1979 og bjuggu saman óslitið í óvígðri sambúð þar til varnaraðili flutti af heimili þeirra í október 1984. Ágreiningur reis milli aðilja um fjárhagslegt uppgjör vegna sambúðarinnar. Fór varnaraðili þess á leit við skiptaráðandann í Reykjavík með bréfi dagsettu 11. nóvember 1985, að „bú“ hennar og sóknaraðilja yrði þá tekið til opinberra skipta. Þessari beiðni var hafnað með úrskurði réttarins uppkveðnum 12. mars 1986.

Með bréfi til skiptaréttar Reykjavíkur dagsettu 27. janúar 1987 fór varnaraðili þess á leit að nýju, að „bú“ hennar og sóknaraðilja yrði tekið til opinberra skipta, og vísaði í því sambandi til laga nr. 13, 30. apríl 1986 um breytingu á 90. gr. skiptalaga nr. 3/1878. Erindi þetta var tekið til meðferðar í skiptarétti Reykjavíkur hinn 10. febrúar 1987 og þá m.a. lögð fram skiptabeiðnin, en þar er því m.a. haldið fram, að málsaðiljar hafi við lok sambúðar þeirra átt í sameign húseign að Reynihlíð 7 í Reykjavík, svo og tvær tiltekna bifreiðar. Varnaraðili hefur frá upphafi skiptameðferðar á búinu mótmælt því að hann eða sóknaraðili hafi átt nokkurn hlut í nefndri fasteign.

Við skiptameðferð búsins hefur verið rekið sérstakt skiptaréttarmál um ágreining vegna skipta á innbúsmunum, en önnur ágreiningsefni vegna skiptanna eru til úrlausnar í þessu máli.

III.

Aðalkrafa sóknaraðilja er á því reist, að við slit sambúðar málsaðilja hafi þau átt í sameign raðhús að verðmæti kr. 3.000.000,00 samkvæmt mati tveggja fasteignasala, bifreiðina R-71999 skráða á nafn sóknaraðilja að verðmæti kr. 350.000,00 og bifreiðina R-7199 skráða á nafn varnaraðilja að verðmæti kr. 600.000,00, auk innbúsmuna. Samtals nemi þessi tilteknu verðmæti kr. 3.950.000,00. Samkvæmt skattframtölum varnaraðilja hafi hann tekið að sér að greiða skuld við Landsbanka Íslands að fjárhæð kr. 200.000,00, og eigi sú fjárhæð að koma hér til frádráttar hreinni eign búsins. Sóknaraðili kveðst hafa fengið söluverð bifreiðarinnar R-71999, kr. 350.000,00, þegar sú bifreið var seld, en varnaraðili hafi fengið söluverð bifreiðarinnar R-7199, kr. 600.000,00, þegar sú bifreið var seld. Telur sóknaraðili sig eiga kröfu á hendur varnaraðilja um helming af verði húseignarinnar að frádrögnum hinu yfirtekna láni og um helming af mismun á verðmæti bifreiðanna, og setur sóknaraðili þessa kröfu fram þannig:

Verðmæti húseignar		Kr. 3.000.000,00
Söluverð R-7199	kr. 600.000,00	
— söluverð R-71999	kr. 350.000,00	Kr. 250.000,00
		<hr/> Kr. 3.250.000,00

— Skuld við Landsbanka Íslands sem
varnaraðili tók að sér

Kr. 200.000,00

Kr. 3.050.000,00

Sóknaraðili krefur varnaraðilja um helming af þessari fjárhæð, kr. 1.525.000,00 auk vaxta sem í aðalkröfu greinir.

Sóknaraðili heldur því fram að við upphaf sambúðar hennar og varnaraðilja hafi hún lagt til verulegt fjármagn umfram varnaraðilja, sem nýtt hafi verið til sameiginlegra þarfa þeirra. Hafi hún á þessum tíma, þ.e. við upphaf sambúðarinnar á árinu 1979, átt bifreið og útistandandi fjárkröfu vegna sölu íbúðar, samtals gkr. 4.950.000,00, en skuldaði gkr. 775.000,00. Varnaraðili hafi hins vegar ekki átt annað á þessum tíma en sendiferðabifreið, sem óljóst sé hve mikils virði hafi verið, en skuldað verulegar fjárhæðir vegna ógreiddra opinberra gjalda.

Sóknaraðili telur að á sambúðartímanum, sem var á árunum frá 1979 til október 1984, hafi stofnast slík fjárhagsleg samstaða með aðiljum að líkja megi við „félagsbú“ hjóna. Bæði hafi starfað utan heimilis og aflað tekna til búins og framlag sóknaraðilja síst verið minna en varnaraðilja, enda hafi hún að mestu annast störf á heimili þeirra auk vinnu utan heimilis.

Sóknaraðili heldur því fram, að hún og varnaraðili hafi haustið 1982 keypt grunn á lóðinni nr. 7 við Reynihlíð í Reykjavík fyrir kr. 300.000,00. Þau hafi síðan haldið áfram byggingu raðhúss þar, sem hafi verið orðið um það bil fokhelt, er sambúðarslit urðu. Telur sóknaraðili sig hafa ásamt varnaraðilja unnið verulega við þessa byggingu í frístundum sínum og fengið vini og kunningja til að hjálpa þar til. Varnaraðili hafi ráðstafað húseigninni að Reynihlíð 7 til föður síns nokkrum mánuðum eftir að málsaðiljar slitu samvistum. Slíkir samningar breyti í engu fjárhagslegri stöðu á búi málsaðilja við sambúðarslit.

Sóknaraðili skýrir svo frá að hún og varnaraðili hafi mestallan sambúðartímann búið í íbúð að Einholti 4. Sú íbúð sé í húsi, sem Seðlabanki Íslands eigi, og hafi hún og varnaraðili gegnt þar störfum húsvarðar og haft í staðinn leigufri afnot af íbúðinni. Hafi sitt vinnuframlag síst verið minna en vinnuframlag varnaraðilja sem húsvarðar þarna.

Sóknaraðili telur að allar eignir, sem inn í búið komu á sambúðartímanum, hafi verið til sameiginlegra þarfa málsaðilja og að langmestur hluti þeirra eigna, sem í búinu hafi verið við sambúðarslitin, hafi orðið til á sambúðartímanum.

Af öllu framangreindu telur sóknaraðili ljóst, að hún eigi tilkall til 50% hlutdeildar í þeim eignum, sem í búinu voru við sambúðarslitin.

Varakröfu sína rökstyður sóknaraðili með sama hætti og að framan er

greint, en við munnlegan málflutning var varakrafan skýrð þannig, að geti rétturinn ekki fallist á að veita aðfararhæfan úrskurð byggðan á þeim fjárhæðum, sem í málinu greinir, sé gerð krafa um viðurkenningu á 50% hlutdeild sóknaraðilja í þeim verðmætum, sem kröfugerðin í aðalkröfunni er reist á.

IV.

Af hálfu varnaraðilja er því haldið fram, að hann og sóknaraðili hafi aldrei verið í eiginlegri sambúð. Eftir að sóknaraðili hafi farið af heimili varnaraðilja hafi þess vegna ekki farið fram nein skipti á sameiginlegu búí, enda ekki um neitt slíkt bú að ræða hjá þeim. Þau hafi að vísu átt nokkra lausafjármuni, sem þau hafi fengið sameiginlega að gjöf, en um aðrar sameignir hafi ekki verið að ræða hjá þeim. Varnaraðili kveður aðilja hafa búíð í íbúð að Einholti 4 í Reykjavík, en það sé húsvarðaríbúð, sem varnaraðili hafi haft til umráða leigulaust vegna húsvarðarstarfa sinna fyrir eiganda íbúðarinnar, Seðlabanka Íslands.

Varnaraðili heldur því fram að fjárhagur aðilja hafi verið aðgreindur og þau talið fram til skatts hvort í sínu lagi. Hann kveðst hafa staðið að mestu leyti fyrir rekstri heimilisins fjárhagslega. Sóknaraðili hafi varið sínum tekjum að langmestu leyti til eigin persónulegra þarfa, svo sem lúxusferðalaga til útlanda, sem varnaraðili hafi raunar einnig þurft að fjármagna að hluta.

Varnaraðili mótmælir sem röngum og óraunhæfum útlistunum sóknaraðilja um það, hver eignastaða málsaðilja hafi verið við upphaf „sambúðar“ þeirra. Hann heldur því fram, að það sem hún hafi átt á þeim tíma hafi runnið til endurnýjunar á bifreiðaeign hennar sjálfrar.

Varnaraðili heldur því fram að það sé rangt hjá sóknaraðilja, að þau hafi fest kaup á fasteign að Reynihlíð 7 í Reykjavík. Um þetta segir í greinargerð varnaraðilja: „Það sem um er að ræða sbr. yfirlýsingu á dskj. 13, að umbj. minn ætlaði að festa sér kaup á lóðarréttindum. Sá aðili er tilgreindur er þar sem seljandi hafði þar ekkert til að selja með neinum rétti. Faðir umbj. míns tók síðan að sér þau viðskipti og fjármagnaði þau. Vísast hér til framlagðra skattframtala aðila málsins, svo og framl. skjala um kaup föður umbj. m., þ.e. tilgreinds Jakobs Sigurðssonar, þetta varðandi. Aðilar þessa máls höfðu ekki fjármagn til slíkra kaupa og framkvæmda, enda vörðu þau fjármunum sínum til annarra hluta. Yfirlýsingu á dskj. 46 er mótmælt sem rangri, óstaðfestri og óraunhæfri, sbr. hér t.a.m. dskj. 53. Sóknaraðili varð hér aldrei aðili umræddra viðskipta né lagði þar fram neitt fjármagn né vinnu. Mótmælt er staðhæfingum sóknaraðila í dskj. 35 um byggingaframkvæmdir aðila máls þessa.“

Varnaraðili mótmælir kröfugerð sóknaraðilja varðandi bifreið þá, er

varnaraðili átti við lok sambúðar þeirra. Sú bifreið hafi verið séreign hans, enda keypt og fjármögnuð algerlega af honum sjálfum. Við slit samvista hafi hann verið í skuld vegna þessara bifreiðakaupa, en greitt þær skuldir eftir samvistaslitin.

Varnaraðili telur sóknaraðilja ekki hafa á nokkurn hátt sýnt fram á tilkall sitt til þeirra verðmæta, sem kröfur hennar lúta að. Jafnframt mótmælir varnaraðili mati fasteignasala um verðmæti umræddrar fasteignar sem þýðingarlausu. Þá sé ekki í kröfugerð sóknaraðilja tekið tillit til þeirra skulda, er stofnað hafi verið til vegna meintra byggingarframkvæmda eða kaupa á fasteign. Fjárfrafa sóknaraðilja sé því ekki rökstudd með nokkrum rétti. Ennfremur mótmælir varnaraðili vaxtakröfu sóknaraðilja sem of hári.

Varnaraðili heldur því og fram að úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur uppkveðinn 12. mars 1986 feli í sér lokaúrskurð um umrædd viðskipti aðilja. Hann telur að 90. gr. skiptalaga nr. 3/1878, eins og þeirri lagagrein var breytt með lögum nr. 13/1986 hafi ekki afturvirk áhrif eða geti náð til réttarverkana varðandi það mál, sem hér er til úrlausnar. Þannig geti skiptarétturinn ekki nú tekið mál þetta til efnismeðferðar né kröfur sóknaraðilja til greina eins og þær séu framsettar og rökstuddar. Þá sé og fráleitt að draga sannanlega eign þriðja aðilja inn í svonefnd búskipti.

V.

Með lögum nr. 13/1986, sem tóku gildi hinn 1. janúar 1987, var sú breyting gerð á 90. gr. skiptalaga nr. 3/1878, að eftirleidis beri skiptarétti að taka til opinberra skipta eignir sambýlisfólks við slit óvígðrar sambúðar, sé þess krafist. Samkvæmt þessu lagaákvæði telst það óvígð sambúð í þessum skilningi, ef viðkomandi aðiljar hafa búið saman um tveggja ára skeið eða hafa átt barn saman eða konan er þunguð af völdum sambýlismannsins.

Ekki eru í búinu neindir fjármunir til að greiða neinn hluta þeirrar fjárkröfu, sem sóknaraðili gerir í aðalkröfu sinni. Sóknaraðili hefur ekki gert kröfu til að fá verðmæti eða andvirði þeirra eigna, sem hún telur eiga að falla til varnaraðilja við innbússkiptin, upp í slíka kröfu.

Aðalkrafa sóknaraðilja verður því ekki skilin á annan veg en þann, að krafist sé aðfararhæfs úrskurðar um fjárkröfur, sem hún eigi á hendur varnaraðilja vegna ráðstafana á eignum, sem þau hafi átt við lok sambúðar en voru ekki lengur fyrir hendi í umráðum aðilja, er skiptameðferð á eignum þeirra hófst. Þannig er krafan varðandi fasteignina Reynihlíð 7 í Reykjavík sett fram sem bótakrafa vegna ráðstöfunar varnaraðilja á ætlunum eignarhlut sóknaraðilja í þeirri eign, en aðrir hlutar kröfugerðarinnar varða fjárhagslegt uppgjör vegna ráðstafana aðilja varðandi bifreiðir, sem

þau áttu við lok sambúðar en hafa síðar ráðstafað hvort í sínu lagi. Kemur þá til skoðunar dómssvald skiptaréttar til að leysa úr slíkum kröfum.

Samkvæmt 90. gr. skiptalaga nr. 3/1878, svo sem henni var breytt með lögum nr. 13/1986, skulu opinber skipti á eignum sambýlisfólks við slit óvígðrar sambúðar fara fram eftir þeim reglum, sem gilda um skipti dánarbúa með þeim breytingum sem leiða af eðli slíkra mála. Aðalkrafa sóknaraðilja er að stofni til endurgjaldskrafa, sem við skipti á dánarbúi annars hjóna mætti úrskurða um í skiptarétti samkvæmt VII. kafla laga nr. 20/1923, sbr. einkum ákvæði 52. - 55. gr. þeirra laga, með þeirri takmörkun þó, að í slíkum úrskurði væri óheimilt að kveða á um ríkari skyldu til endurgjalds en svo, að henni yrði fullnægt af eignum viðkomandi dánarbús, sbr. 55. gr. laganna. Það er því ekki ráðgert í þessum ákvæðum, að skiptaréttur úrskurði við slík skipti um annað en kröfur varðandi þær eignir, sem til skipta eru í búi. Er sú skýring í fullu samræmi við meginreglu 35. gr. skiptalaga nr. 3/1878 um dómssvald skiptaréttar. Verður ekki talið án beinna lagafyrirmæla þar að lútandi að skiptaréttur sé bær að taka afstöðu til slíkra krafna, er hafðar verði uppi að loknum skiptum á búi, enda er ekki ráðgert í lögum nr. 13/1986, að dómssvald skiptaréttar verði við slík skipti að þessu leyti víðtækara en við skipti dánarbúa. Þar sem kröfur sóknaraðilja í máli þessu varða á engan hátt eignir, sem til skipta eru í búi hennar og varnaraðilja, verður ekki hjá því komist að hafna kröfum hennar af framangreindri ástæðu, án þess að tekin sé afstaða til hugsanlegs kröfuréttar hennar vegna umræddra atvika að öðru leyti.

Eftir atvikum þykir rétt að hvor málsaðilja beri sinn kostnað af máli þessu.

Ragnar Halldór Hall borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðilja í máli þessu, Ágústu Sigurðardóttur, er hafnað.

Málskostnaður fellur niður.